



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna um hjólastæði við leikskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 16. janúar 2023. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna:

Hversu mörg skammtíma- og langtímahjólastæði hafa verið gerð við nýlegar endurgerðir á leikskólum t.d. stækkun á Múlaborg með endurgerð á húsnæði við Ármúla og endurgert húsnæði við Kleppsveg fyrir Brákarborg. Hafa foreldrar/forráðafólk og starfsfólk gott aðgengi að yfirbyggðum hjóla- og vagnageymslum í endurgerðu leikskólahúsnæði? Hversu mörg skammtíma- og langtímahjólastæði eru við húsnæði þeirra Ævintýraborga sem tóku til starfa 2022 og þeirra sem fyrirhugað er að taki til starfa 2023? Samræmist fjöldi skammtíma- og langtímahjólastæða við leikskóla Reykjavíkur við það sem stefnt er að í hjólreiðaáætlun, Grænu plani og gildandi reglum um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík?

Þann 6. febrúar 2023. var fyrirspurninni vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs. Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 22. febrúar 2023. var fyrirspurninni vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

Svar:

Mikil vinna hefur farið í fjölgun hjóla- og hlaupahjólastæða við grunnskóla borgarinnar og er stefnt að því að þeirri vinnu ljúki á næstunni. Stefnt er á að fara í fjölgun á hjólastæðum og gerð aðstöðu fyrir hjól og vagna við leikskóla í kjölfarið. Mat á núverandi aðstæðum hefur ekki farið fram en ljóst er að aðstaða til geymslu á hjólum við marga leikskóla borgarinnar er ábótavant, hvort heldur fyrir starfsfólk, foreldra eða börn.

Ekki fundust nákvæmar tölur um fjölda hjólastæða við Ævintýraborgir en við byggingu nýrra leikskóla er fjöldi hjólreiðastæða ákvarðaður í samræmi við bíla- og hjólastæðareglur borgarinnar og tekur deiliskipulag mið af þeim.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri